

# Jöklabreytingar 1930-1960, 1960-1980, 1980-1986 og 1986-1987

ODDUR SIGURÐSSON  
*Orkustofnun*  
*Grensásvegi 9, 108 Reykjavík*

## YFIRLIT

Haustið 1987 var gengið til mælinga á jökuljöðrum á 35 stöðum. Á 13 stöðum hafði jökull gengið fram, staðið í stað á 3 stöðum, en hopað á 17. Einn staðurinn var á kafi í hjarnskafli og því ekki hægt að mæla þar og á öðrum stað var jaðar jökulsins óaðgengilegur vegna lóns.

*Hyrningsjökull* hefur nú skriðið fram sem næst án afláts síðan 1972.

Allir jöklar sem mældir eru út frá *Drangajökli* hafa hopað eða staðið í stað í áratug eða meira.

Framskrið *Múlajökuls* stöðvaðist s.l. vetur og er hann tekinn að hopa aftur þótt tölurnar sýni framskrið þetta árið.

*Sólheimajökull V* hefur gengið rúmlega 400 m fram á 18 árum og herðir heldur á sér en hitt. Er eflaust ekki langt í að myndarleg jökulhlaup komi úr Jökulsárgili eins og oft fyrir 1936.

Allir jaðrar Vatnajökuls sem mældir eru *vestan Skaftafells* hopuðu á árinu. Á vestasta mælistaðnum við *Skeiðarárjökul* mældist hopið tæplega 100 m eftir að jökullinn hafði skriðið fram um 400 m. Það er meiri gangur en mælst hefur þar síðan á fyrstu áratugum aldarinnar.

Meiri hluti *skriðjöklanna í Örfum* gengur fram eins og þeir hafa allir gert meira eða minna á 9. áratugnum. *Suðursveitarjökklar* hafa verið mældir endrum og sinnum undanfarinn áratug og þurfum við að taka okkur tak til að samhengi í mælingum þar rofni ekki alveg. Þeir hafa annars verið mældir vel allt frá aldamótum og mega mælingar þar alls ekki detta alveg niður.

## NÝ TAFLA

Taflan yfir jöklabreytingarnar hefur breyst dálítið frá því sem áður var. Í fremsta dálki eru heiti jöklanna og eru þeir flokkaðir eftir svæðum. Þar eru jöklar frá Örfajökli settir saman í flokk enda eru þeir svipaðir um margt. Morsár- og Skaftafellsjökull flokkast með Vatnajökli þar sem þeir eru frá honum runnir þótt þeir séu brattir ekki síður en aðrir jöklar í Örfum. Breiðamerkurjökull við Breiðamerkurfjall (vestan við Vesturrönd) rennur norður úr Örfajökli áður en hann beygir til austurs og síðan til suðurs. Skýrir það flokkun hans í töflunni.

Í öðrum dálki töflunnar eru skráðar jöklabreytingar 1930-1960. Þetta 30 ára tímabil fellur saman við alþjóðlegt veðurmælingatímabil sem Veðurstofan hefur notast við enda tók Jón Eypórsson veðurfræðingur þetta saman á sínum tíma. Hér eru skráðar tölurnar úr töflu Jóns sem birtist í 13. árgangi Jökuls. Þar sem misræmi er í niðurstöðudálkinum er tölunum breytt svo að samlagning stemmi. Ekki er víst að þar sé réttir tölur breytt því að ekki hefur tekist að hafa upp á frumgögnum jöklamælinga frá dögum Jóns.

Dálkar 3 og 4 sýna tímabil sem ekki styðjast beint við nein sérstök veðurfarstímabil. Sé tímabil annað en segir í hausnum er það afmarkað í dálknum. Stuðst var við frumgögn frá 1967 og yngri, en eldri mælingablöð fundust ekki. Á nokkrum stöðum voru tölur endurmetnar.